

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, íbúðabyggð í Tungudal, Seljalandshverfi, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, frá 31. október 1990.

Breytingin felst í að svæði fyrir opinberar byggingar í Tungudal, Seljalandshverfi, verður íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. apríl 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

27. apríl 2004

Nr. 360

## AUGLÝSING

### um bann við innflutningi frá Bresku Kólumbíu (British Columbia) í Kanada vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að ekki hafa borist neinar upplýsingar um upprætingu á hæsnapest í Bresku Kólumbíu í Kanada, en hæsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með milliríkjavíðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bresku Kólumbíu í Kanada.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 17. febrúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 1. maí og gildir til 23 ágúst 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 2004.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*